



ÚTBOÐSSKILMÁLAR ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA

Útboð 9. júní 2009

- Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisverðbréf í samræmi við heimildarákvæði fjárlaga fyrir árið 2009 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánasýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 4. september 2007. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndum á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er þriðjudagurinn 9. júní 2009. Greiðsludagur er föstudagurinn 12. júní 2009.*
- Í boði verður eftirfarandi flokkur ríkisbréfa:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKB 25 0612	IS0000019321	12.06.2025

Tilboð skal senda inn í formi ávöxtunarkröfu með tveimur aukastöfum. Um er að ræða söluútboð sem felur í sér að ríkisbréf sem eru samþykkt í útboðinu seljast á sama verði. Hæsta samþykkt krafa (lægsta tilboðsverð) sem útgefandi gengur að ræður söluverðinu. Niðurstaðan úr útboðinu gefur vísbendingu um hvaða nafnvexti bréfið ber með sér. Seðlabankinn hefur heimild til þess að ákvarða nafnvexti á bréfunum með 25 punkta fráviki frá niðurstöðu úr útboðinu. Bréfin eru gerð upp á verðum miðað við 6 aukastafi.

Dæmi: Ákveðið er að taka tilboðum í ríkisbréf frá aðalmiðlurum fyrir 10 ma.kr. Segjum að hæsta samþykkt ávöxtunarkrafan sem berst frá aðalmiðlara sé 7,12%. Ef Seðlabankinn ákveður að bréfin beri 7,12% nafnvexti á ári þá seljast bréfin á genginu 1,000000 til allra aðalmiðlara í útboðinu. Seðlabankinn hefur þó heimild til þess að ákveða nafnvexti bréfanna með 25 punkta fráviki frá samþykkt ávöxtunarkröfu og getur því ákveðið að árlegir nafnvextir bréfanna verði t.d. 7,00%. Það þýddi að bréfin seldust á afföllum á genginu 0,988754. Einnig getur Seðlabankinn ákveðið að hafa nafnvexti bréfanna 7,25%, sem þýddi að bréfin seldust á yfiverði á genginu 1,012184.
- Ríkisbréfin verða gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisbréf eru án verðtryggingar.
- Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna.
- Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir mun Seðlabankinn bjóða jafnvirði 10%, reiknað af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykkt tilboða allt til kl. 14:00 fimmtudaginn 11. júní. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 12. júní 2009.
- Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 13.00 og 14.00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í ávöxtunarkröfu, með tveimur aukastöfum.
- Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Alþjóða og markaðssvið Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
- Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
- Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti í lok viðskiptadags.
- Greiðsla fyrir ríkisbréf skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisbréfum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisbréfum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna skv. ríkisbréfum gilda ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.



12. Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisbréf eru framtalsskyld.
13. Ríkisbréfaflokkur þessi verður skráður í Nasdaq OMX Norrænu kauphöll Íslands og verða Íslandsbanki, Nýi Kaupþing, NBI, MP Banki og Saga Capital viðskiptavakar þeirra.